

Nemendaráð Naustaskóla

1. fundur skólaárið 2011-2012

Dagsetning: 9. september 2011

Mættir; Pétur Már og Hrannar Þór 9.b, Brynjar 8.b., Ugly 7.b., Freyr 6.b., Thelma 5. bekk og Íris 4. bekk ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Verkaskipting. Pétur var kjörinn formaður og Hrannar varaformaður. Ugly er kjörinn ritari nemendaráðs. Samþykkt að Pétur og Hrannar verði fulltrúar á fundum skólaráðs.

Þátttaka í keppnum. Rætt um hugsanlega þátttöku í keppnum eins og spurningakeppni grunnskólanna og skólahreysti. Ákveðið að skrá skólann til þátttöku í spurningakeppninni en geyma þátttöku í skólahreysti til næsta árs.

Hugmyndir að uppákomum. Hugstormun um hugsanlega viðburði að frumkvæði nemenda.

- N-Faktor (snemma á skólaárinu, jafnvel tvisvar, áhorfendur dæmi – kosning)
- Pizza í matinn eða óskamatur árganga..
- Tískukeppni / hönnunarkeppni
- Hrekkjavökuball
- Snakkdagur / bíódagur. Bíósýningar frá frímínútum fram að hádegi, snakk leyft.
- Krónuleit (1x100, 2x50, 3x10, 100x1)
- Alvöru páskaeggjaleit :)
- Hafa skjaldbökur í nýja skólanum
- Sjoppu einu sinni í mánuði
- Bekkjamót í fótbolta, fá leikmenn úr meistaraflokki KA til að spila með yngstu....

Skólastjóri skoðar framkvæmanleika og raðar atburðum niður á daga í samráði við formann og varaformann og listinn verður tekinn fyrir aftur á næsta fundi.

Búnaðarkaup. Foreldrafélagið á nokkra peninga í sjóði og hefur áhuga á að kaupa eitthvað sem kemur nemendum vel. Helstu hugmyndir sem fram komu í fljótheitum voru samlokugrill og spil (Partners). Fulltrúar í hugmyndaáði afla fleiri hugmynda fyrir næsta fund.

Vallartafla. Rætt um töflu fyrir gervigrasvöllinn. Náðist ekki að klára það mál á fundinum.

Ábendingar: Það vantar línur á körfuboltavöllinn, einnig væri gott að fá körfur á báða enda vallarins..., fram komu hugmyndir um lög á samveru.

Næsti fundur áætlaður í þarnæstu viku..